Fullgild rafræn undirskrift
JÓN ATLI BENEDIKTSSON
Kennitala: 190560-4309
2024-06-07 13:42:54 GMT
Ástæða: Undirskrift

# Háskóli Íslands

## 17-201

# Ársreikningur 2023

Háskóli Íslands
kt. 600169-2039
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

## Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Áritun Ríkisendurskoðanda ........................................................ | 2 |
| Skýrsla rektors .......................................................................... | 1 |
| Áritun rektors ........................................................................... | 3 |
| Yfirlit um afkomu ársins ............................................................ | 4 |
| Efnahagsreikningur ................................................................... | 5 |
| Sjóðstreymisyfirlit ..................................................................... | 6 |
| Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum ............................ | 7 |
| Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildum ................................. | 7 |
| Skýringar ................................................................................... | 8 |

# Skýrsla rektors

Samkvæmt lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 er Háskóli Íslands sjálfstæð menntastofnun sem sinnir kennslu, rannsóknum og þekkingarleit á sviði vísinda. Háskólinn miðlar fræðslu til almennings og veitir þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar.

Megin skipulagseiningar Háskóla Íslands eru fimm fræðasvið í alls 26 deildum og sameiginleg stjórnsýsla. Kjarninn í starfi Háskóla Íslands liggur í námi og kennslu um 13.700 nemenda skólans, rannsóknum sem innan hans eru unnar og virkri þátttöku hans í íslensku samfélagi og menningarlífi. Sérstaða skólans liggur m.a. í breiðu námsframboði og fjölbreyttum möguleikum nemenda hans til þverfræðilegrar nálgunar í námi. Við Háskóla Íslands eru kenndar fjölmargar greinar sem ekki eru kenndar annars staðar hérlendis og nemendahópurinn er fjölbreyttur.

Innan Háskóla Íslands eru stundaðar rannsóknir á öllum fræðasviðum og er þar nýsköpun og hagnýting rannsókna í öndvegi. Innan háskólans eru rannsóknastofnanir sem vinna í nánum tengslum við aðrar innlendar vísindastofnanir, fyrirtæki og stofnanir. Vísinda- og nýsköpunarstarf Háskóla Íslands hefur skapað skólanum sterka stöðu í alþjóðlegu vísindasamfélagi og opnað dyr að margskonar rannsóknasamstarfi. Háskólinn er aðili að Samtökum evrópskra háskóla (EUA), Samtökum norrænna háskóla (NUS) og AURORA samstarfsneti 11 evrópskra háskóla sem tekur til kennslu, rannsókna og stjórnsýslumálefna.

Háskólinn á eignarhluta í Vísindagörðum Háskóla Íslands ehf. og Rannsókna- og háskólaneti Íslands hf. Háskólinn hefur í samráði við stjórnvöld unnið að undirbúningi félags um fasteignir Háskólans frá því snemma árs 2019 og var félagið stofnað um mitt ár 2021. Sprotar- eignarhaldsfélag Háskóla Íslands ehf. var stofnað árið 2022 en hlutverk þess er að halda utan um eignarhluti Háskólans í sprotafyrirtækjum.

Háskólinn er virkur þátttakandi í íslensku samfélagi og í nánu samstarfi við atvinnulíf og helstu stofnanir samfélagsins á sviði heilbrigðis-, félags-, umhverfis-, náttúru- og sjálfbærni-, mennta- og menningarmála. Þar má sem dæmi nefna náið samstarf við Landspítala, samstarf við Veðurstofu Íslands, Þjóðminjasafn, Landsbókasafn – Háskólabókasafn, Stofnun Árna Magnússonar, Hjartavernd, Íslenska erfðagreiningu o.s.frv. Þá starfar Háskólinn í nánum tengslum við önnur skólastig í margs konar vísindamiðlunarverkefnum.

Stefna Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2021-2026, leit dagsins ljós sumarið 2021. Stefnan, sem ber yfirskriftina *Betri háskóli - betra samfélag*, felur í sér fjórar lykiláherslur í þróun skólans næstu fimm árin, þar sem Háskólinn leggur áherslu á að vera:

- opinn og alþjóðlegur,
- að starfsemin einkennist af sjálfbærni og fjölbreytileika,
- að afl skólans byggi á ríkum gæðum náms og kennslu, rannsókna og í allri starfsemi,
- að skólinn sé góður vinnustaður.

Innleiðing stefnunnar felur í sér tvo megin strauma. Annars vegar snýst innleiðingin um þróun starfseminnar þar sem unnið er stöðugt að því að efla gæði og innleiða umbætur á grundvelli markmiða stefnunnar. Hins vegar er um að ræða umbætur starfseminnar með tíu verkefnastofnum sem byggja á megináherslum og markmiðum stefnunnar og verða innleiddir yfir stefnutímabilið. Þetta endurspeglast í starfsáætlunum fræðasviða og miðlægrar stjórnsýslu. Nánari upplýsingar um stefnu Háskóla Íslands má finna á https://www.stefna.hi.is\

Á árinu 2023 var gefin út sjálfbærniskýrsla Háskóla Íslands fyrir árið 2022. Sjálfbærniskýrsla skólans fyrir árið 2021 var fyrsta sinna tegundar hjá íslenskum háskólum. Í skýrslunni er horft yfir víðfermt starf Háskólans út frá sjálfbærni, þ.m.t. heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Skýrsluna má finna á https://www.hi.is/haskolinn/sjalfbaerniskyrslur_hi

Við Háskólann eru ríflega 1.800 ársverk sem sinna kennslu, rannsóknum, þjónustu við nemendur og rekstri og stjórnsýslu skólans. Auk þess taka sérfræðingar skólans virkan þátt í samfélagsumræðu og veita ráðgjöf til stofnana og atvinnulífs. Þá leggja um 2.800 stundakennarar (um 134 ársverk 2023) af mörkum við kennsluna.

Endurmenntun starfsfólks er sinnt með margvíslegum hætti, s.s. með rannsóknamisserum akademísks starfsfólks, námsleyfum annars starfsfólks ásamt margs konar þjálfun, námskeiðum og fyrirlestrum. Um 100 akademískir starfsmenn fara í rannsóknamisseri árlega, flestir í eitt misseri og 8 starfsmenn stjórnsýslu skólans og fræðasviða nýttu sér rétt til námsleyfis 2023.

Nokkrar lykiltölur um starfsemi Háskóla Íslands:

- Fjöldi nemenda sem stundaði nám við Háskóla Íslands 20. október 2023 var 13.701.
- Ársnemar voru 9.194 almanaksárið 2023, miðað við þreyttar einingar.
- Í hópi nemenda í grunnnámi (BA/BS/BEd) eru konur 64,6% og karlar 35,3% og kynsegin 0,1%, í námi á meistarastigi eru konur 70,7% og karlar 29,1% og kynsegin 0,2% og í doktorsnámi eru konur 59,9% og karlar 40,1%.
- Brautskráningar almanaksárið 2023 voru 3.683, þar af 79 úr doktorsnámi
- Við skólann eru í boði um 360 (420 með diplómanámi 2023) námsleiðir á grunn-, meistara- og doktorsstigi, á fimm fræðasviðum (Félagsvísindasviði, Hugvísindasviði, Heilbrigðisvísindasviði, Menntavísindasviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði), í alls 26 deildum og nokkrum þverfræðilegum námsleiðum.
- Af birtingum fræðigreina Háskólans eru 75% í samvinnu við erlenda háskóla og vísindastofnanir
- Um 85% akademísks starfsfólks er með doktorspróf.
- Í hópi akademísks starfsfólks eru konur 51% og karlar 49%. Kynjaskiptingin í hópi annars starfsfólk skólans er þannig að karlar eru 40% hópsins en konur 60%.

## Áritun rektors

Háskóli Íslands er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 21 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Þann 1. janúar 2023 sameinaðist bókald Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands (17-203) Háskóla Íslands. Í tengslum við sameiningu fjárveitingarliðar Raunvísindastofnunar undir fjárveitingarlið Háskóla Íslands voru reikningsskil og bókhald stofnunarinnar sameinuð við reikningsskil og bókhald Háskóla Íslands í upphafi árs 2023. Raunvísindastofnun Háskólans hafði fram til þess verið rekin á sér kennitölu, með eigið bókhald og ársreikning.

Á árinu 2023 var ársveltan kt. 35.154,3 milljónir og afkoma af reglulegri starfsemi kr. -521,7 milljónir.

Fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur námu kr. 502 milljónum sem skýrast að mestu af gengistapi upp á kr. 450 milljónir. Afkoma af rekstri dóttur- og hlutdeildarfélaga nam kr. 378,7 milljónum. Skýrst það nær eingöngu af 357,2 milljóna hlutdeild í afkomu Vísindagarða Háskóla íslands ehf sem er að stærstum hluta í eigu Háskóla Íslands. Hér er um reikningshaldslega afkomu að ræða og þessu fylgja ekki raungreiðslur eða handbært fé.

Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 7.732,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 24.728,8 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2023.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikninginn fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Jón Atli Benediktsson
Rektor Háskóla Íslands

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2023

| | Skýr | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 2 | 23.404.400.000 | 21.390.200.000 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 2 | 920.004.885 | 791.490.467 |
| Seld vara og þjónusta | 3 | 2.858.663.923 | 2.516.881.003 |
| Framlög og ýmsar tekjur | 4 | 7.971.218.251 | 6.535.752.611 |
| **Tekjur samtals** | | 35.154.287.059 | 31.234.324.081 |
| **Gjöld** | | | |
| Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður | 5 | 23.948.648.118 | 21.037.441.133 |
| Framlög og tilfærslur | 6 | 1.065.316.169 | 1.165.055.828 |
| Annar rekstrarkostnaður | 7 | 9.742.045.018 | 8.223.454.771 |
| Afskriftir og niðurfærslur | 8 | 920.004.885 | 791.490.467 |
| **Gjöld samtals** | | 35.676.014.190 | 31.217.442.199 |
| **Afkoma fyrir fjármagnsliði** | | (521.727.131) | 16.881.882 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður | 9 | 73.795.764 | 130.316.881 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | 10 | (575.759.139) | (12.029.638) |
| | | (501.963.375) | 118.287.243 |
| **Afkoma (tap) fyrir hlutdeildartekjur** | | (1.023.690.506) | 135.169.125 |
| Áhrif af rekstri hlutdeildar- og dótturfélaga | 13 | 378.683.579 | 148.202.769 |
| **Afkoma ársins** | | (645.006.927) | 283.371.894 |
| **Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum** | | | |
| Rekstur | | 218.409.242 | 1.249.827.722 |
| Rekstrartilfærslur | | (863.416.169) | (966.455.828) |
| | | (645.006.927) | 283.371.894 |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2023

## Eignir

| | Skýr | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 11 | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | | 2.314.390.528 | 1.842.030.672 |
| Farartæki og vélar | | 115.303.508 | 54.911.476 |
| Fasteignir | | 1.704.323.908 | 1.794.025.166 |
| Verk í vinnslu, fasteignir | | 1.377.998.595 | 346.807.729 |
| Verk í vinnslu, áhöld, tæki og búnaður | | 500.195.912 | 439.059.032 |
| Aðrar eignir | | 44.357.385 | 37.959.072 |
| | | 6.056.569.836 | 4.514.793.147 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Langtímakröfur | 12 | 793.786.371 | 730.506.258 |
| Eignahlutir í öðrum félögum | 13 | 5.789.439.419 | 5.410.528.168 |
| | | 6.583.225.790 | 6.141.034.426 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 12.639.795.626 | 10.655.827.573 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur | 14 | 901.641.340 | 526.765.707 |
| Tengdir aðilar | 15 | 938.028.349 | 6.471.861.783 |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður | 16 | 142.056.207 | 358.198.661 |
| Handbært fé | 17 | 10.107.262.692 | 7.449.358.244 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 12.088.988.588 | 14.806.184.395 |
| **Eignir samtals** | | 24.728.784.214 | 25.462.011.968 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Hrein eign | 18 | 7.732.758.723 | 7.791.712.945 |
| **Eigið fé samtals** | | 7.732.758.723 | 7.791.712.945 |
| **Skuldir** | | | |
| Tengdir aðilar | 15 | 710.439.151 | 3.114.152.784 |
| Viðskiptaskuldir | 19 | 436.102.761 | 688.053.255 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 20 | 7.823.025.344 | 6.329.747.996 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda | 21 | 8.026.458.235 | 7.538.344.988 |
| **Skuldir samtals** | | 16.996.025.491 | 17.670.299.023 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 24.728.784.214 | 25.462.011.968 |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.*

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

| | Skýr | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | (645.006.927) | 283.371.894 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 8 | 920.004.885 | 791.490.467 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | | (920.004.885) | (791.490.467) |
| Verðbætur og gengismunur | | (63.280.113) | (36.630.845) |
| Hlutdeild í tapi | | (378.683.579) | (148.202.769) |
| | | (1.086.970.619) | 98.538.280 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur | | (158.733.179) | 730.326.970 |
| Tengdir aðilar | | 2.121.451.312 | 430.557.190 |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | 1.241.326.854 | 68.836.826 |
| | | 3.204.044.987 | 1.229.720.986 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 2.117.074.368 | 1.328.259.266 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Kaupverð á eignarhlut í öðru félagi | | 0 | (500.000) |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 11 | (1.993.708.791) | (1.194.225.703) |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna | | 0 | 137.118 |
| | | (1.993.708.791) | (1.194.588.585) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt | | | |
| Raunvísindastofnun HÍ 1.1. | | 586.052.705 | 0 |
| Tengdir aðilar | | 1.008.668.489 | 0 |
| Fjárfestingarframlag | | 506.000.000 | 414.300.000 |
| Framlag HHÍ til fjárfestinga | | 425.000.000 | 775.000.000 |
| Gjafaframlög til fjárfestinga | | 44.016.228 | 0 |
| | | 2.569.737.422 | 1.189.300.000 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 2.693.102.999 | 1.322.970.681 |
| Handbært fé í byrjun árs | | 7.449.358.244 | 6.126.387.563 |
| **Handbært fé í árslok** | | 10.107.262.692 | 7.449.358.244 |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.*

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

| | Fjárveiting til rekstrar | Fjárveiting til fjárfestinga | Samtals |
|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023 | 21.971.800.000 | 506.000.000 | 22.679.700.000 |
| **Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum** | **21.971.800.000** | **506.000.000** | **22.679.700.000** |
| Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimlda | | | |
| Launabætur | 796.500.000 | | 796.500.000 |
| Millifærslur milli fjárlagaliða | 415.500.000 | | 415.500.000 |
| Millifærslur frá varasjóði | 18.700.000 | | 18.700.000 |
| **Fjárveiting ársins** | **23.202.500.000** | **506.000.000** | **23.910.400.000** |
| Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað) | 5.169.058.531 | 0 | 4.202.602.703 |
| Breyting fjárveitinga skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins | **(966.455.828)** | **0** | 0 |
| **Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu** | **27.405.102.703** | 506.000.000 | **28.113.002.703** |
| Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum | (1.065.316.169) | 0 | (2.130.632.338) |
| **Staða fjárveitinga í lok árs 2023** | **26.339.786.534** | **506.000.000** | **25.982.370.365** |

| | |
|---|---|
| Hlutfall afkomu 2023 af heildarfjárveitingu | 0,0% |
| Hlutfall uppsafnaðrar afkomu af heildarfjárveitingu | 110,2% |

## Skýringar

**2 Tekjufærsla fjárveitinga**

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Fjárveiting ársins | 23.404.400.000 | 21.390.200.000 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | 920.004.885 | 791.490.467 |
| | 24.324.404.885 | 22.181.690.467 |

**Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:**

| | Rekstur | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum | 21.971.800.000 | 201.900.000 | 0 | 22.173.700.000 |
| Launabætur | 796.500.000 | 0 | 0 | 796.500.000 |
| Millifært úr varasjóð | 18.700.000 | 0 | 0 | 18.700.000 |
| Millifærslur milli fjárlagaliða | 415.500.000 | 0 | 0 | 415.500.000 |
| **Fjárveiting til tekna** | **23.202.500.000** | **201.900.000** | **0** | **23.404.400.000** |
| Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum | (23.362.774.337) | (1.065.316.169) | 0 | (24.428.090.506) |
| Hlutdeildartekjur | 378.683.579 | 0 | | 378.683.579 |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **218.409.242** | **(863.416.169)** | **0** | **(645.006.927)** |

**3 Seld vara og þjónusta**

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Sala á vöru og þjónustu | 973.519.460 | 983.621.512 |
| Sérfræðiþjónusta | 425.283.101 | 327.533.084 |
| Umboðs- og sölulaun | 131.130 | 4.129.654 |
| Vörusala | 31.269.560 | 44.946.169 |
| Verksala | 372.818.549 | 353.028.301 |
| Ýmsar þjónustutekjur | 71.128.542 | 49.763.369 |
| Veitinga- og gistiþjónusta | 26.976.290 | 26.257.439 |
| Fræðslustarfsemi og fundir | 957.537.291 | 727.601.475 |
| | 2.858.663.923 | 2.516.881.003 |

**4 Framlög og ýmsar tekjur**

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Sala varanlegra rekstrarfjármuna | (61.132) | 0 |
| Leigutekjur | 143.665.689 | 102.956.852 |
| Afnotagjöld | 31.323.280 | 36.140.754 |
| Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta | 4.194.321.730 | 0 |
| Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir | 2.518.977.499 | 5.552.741.244 |
| Ýmsar tekjur | 31.334.988 | 20.118.335 |
| | 7.971.218.251 | 6.535.752.611 |

**5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður**

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Laun | 19.510.907.953 | 17.200.569.135 |
| Orlof, breyting | 178.832.241 | 44.488.604 |
| Önnur launagjöld, ótalin annars staðar | (76.076.359) | (7.330.527) |
| Launatengd gjöld | 4.310.669.371 | 3.743.378.276 |
| Starfsmannakostnaður | 24.314.912 | 56.335.645 |
| Samtals launakostnaður | 23.948.648.118 | 21.037.441.133 |
| | | |
| Meðalfjöldi stöðugilda* | 1.858 | 1.711 |

* Án Raunvísindastofnunar 2022

**6 Framlög og tilfærslur**

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta | 259.145.373 | 0 |
| Rekstrartilfærslur aðrir | 806.170.796 | 1.165.055.828 |
| | 1.065.316.169 | 1.165.055.828 |

## Skýringar

**7 Annar rekstrarkostnaður**

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. | 190.520.231 | 222.268.242 |
| Byggingarvörur, almennar | 37.460.499 | 24.286.322 |
| Byggingarvörur, aðrar | 7.238.942 | 2.514.298 |
| Tæki og búnaður til innréttinga | 31.736.817 | 10.487.302 |
| Ýmis tæki og áhöld | 145.507.355 | 152.881.180 |
| Varahlutir og viðhaldsvörur | 13.847.200 | 11.112.296 |
| Orkugjafar | 320.696.827 | 230.250.125 |
| Matvæli | 324.174.135 | 250.980.967 |
| Almennar rekstrarvörur | 52.689.836 | 48.301.790 |
| Vörukaup, almenn | 1.123.871.842 | 953.082.522 |
| | | |
| Rannsóknarstofuefni | 326.538.646 | 234.784.224 |
| Lyf og tengd efni | 146.231 | 183.246 |
| Lækninga- og hjúkrunarvörur | 59.452.087 | 33.510.310 |
| Sjúkrahústæki og áhöld | 2.207.170 | 2.181.929 |
| Kennslu- og föndurvörur | 10.685.521 | 11.313.441 |
| Vörur til landbúnaðar, ræktunar og útgerðar | 11.859 | 620.000 |
| Ýmsar sérgreindar vörur | 920.452 | 1.293.549 |
| Ýmsar sérgreindar vörur | 932.311 | 1.913.549 |
| Vörukaup, sérgreind | 399.961.966 | 283.886.699 |
| | | |
| Fundir, námskeið, risna | 248.684.106 | 270.716.008 |
| Ferðir, uppihald | 723.929.819 | 587.339.780 |
| Akstur | 41.022.284 | 43.835.868 |
| Sérfræðiþjónusta | 1.358.907.510 | 1.222.535.943 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 12.820.552 | 11.023.475 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 130.884.427 | 149.271.648 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 106.692.567 | 111.050.955 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 2.622.941.265 | 2.395.773.677 |
| | | |
| Samningsbundin kaup og leiga | 8.565.497 | 0 |
| Afnotagjöld | 441.691.523 | 342.334.554 |
| Leigugjöld | 3.652.907.812 | 3.272.855.409 |
| Notkun véla og flutningatækja | 48.161.154 | 30.847.658 |
| Verkkaup | 1.190.354.157 | 831.746.272 |
| Kostnaðarhlutdeild | 123.658.544 | 25.015.704 |
| Áhættutap og bætur | 512.900 | 65.000 |
| Tryggingar, lögboðnar | 15.805.335 | 11.229.345 |
| Opinber gjöld | 110.656.858 | 77.877.086 |
| Tilfærslur | 0 | 325.000 |
| Tapaðar kröfur | 2.881.206 | (3.471.274) |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 5.595.194.986 | 4.588.824.754 |
| | | |
| Vörukaup | 0 | 1.487.119 |
| Vörukaup, umboðs- og endursala | 74.959 | 400.000 |
| Vörur til endursölu og birgðabreyting | 74.959 | 1.887.119 |
| | | |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 9.742.045.018 | 8.223.454.771 |

**8 Afskriftir og niðurfærslur**

| | | |
|---|---|---|
| Áhöld, tæki og búnaður | 813.257.035 | 639.378.442 |
| Farartæki og vélar | 13.621.683 | 20.897.636 |
| Fasteignir | 89.701.258 | 94.422.377 |
| Aðrar eignir | 3.424.909 | 35.100.596 |
| Sölutap og úreltar eignir | 0 | 1.691.416 |
| | 920.004.885 | 791.490.467 |

**9 Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður**

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Ýmsar fjármunatekjur og gengishagnaður | 72.482.287 | 130.316.881 |
| Arðsgreiðslur | 1.313.477 | 0 |
| | 73.795.764 | 130.316.881 |

## Skýringar

**10 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap**

| | | |
|---|---|---|
| Fjármagnskostnaður | 0 | 1.267.581 |
| Dráttarvextir | 4.393.429 | 0 |
| Gengistap, verðbreytingar | 571.365.710 | 10.762.057 |
| | 575.759.139 | 12.029.638 |

**11 Varanlegir rekstrarfjármunir**

| | **31.12.2023** | **31.12.2022** |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig: | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | 2.314.390.528 | 1.842.030.672 |
| Farartæki og vélar | 115.303.508 | 54.911.476 |
| Fasteignir | 1.704.323.908 | 1.794.025.166 |
| Verk í vinnslu, fasteignir | 1.377.998.595 | 346.807.729 |
| Verk í vinnslu, áhöld, tæki og búnaður | 500.195.912 | 439.059.032 |
| Aðrar eignir | 44.357.385 | 37.959.072 |
| | 6.056.569.836 | 4.514.793.147 |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:

| | **Áhöld, tæki og búnaður*** | **Farartæki og vélar** | **Fasteignir *** | **Aðrar eignir** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|
| Staða 01.01.2023 | 5.873.792.850 | 133.487.739 | 2.674.314.304 | 605.422.901 | 9.287.017.794 |
| Raunvísindastofnun HÍ 1.1.2023 | 1.447.487.883 | 104.045.803 | | | 1.551.533.686 |
| Viðbætur á árinu | 877.150.161 | 14.407.662 | 1.092.327.746 | 9.823.222 | 1.993.708.791 |
| | 8.198.430.894 | 251.941.204 | 3.766.642.050 | 615.246.123 | 12.832.260.271 |
| Afskriftir 01.01.2023 | 4.034.945.771 | 78.576.263 | 94.422.377 | 567.463.829 | 4.775.408.240 |
| Raunvísindastofnun HÍ | 1.035.837.560 | 44.439.750 | 0 | 0 | 1.080.277.310 |
| Afskrift ársins | 813.257.035 | 13.621.683 | 89.701.258 | 3.424.909 | 920.004.885 |
| | 5.884.040.366 | 136.637.696 | 184.123.635 | 570.888.738 | 6.775.690.435 |
| Staða 31.12.2023 | 2.314.390.528 | 115.303.508 | 3.582.518.415 | 44.357.385 | 6.056.569.836 |
| *Verk í vinnslu tekið með* | | | | | |

**12 Langtímakröfur**

| | **31.12.2023** | **31.12.2022** |
|---|---|---|
| Veitt löng lán, innlend, ógengisbundin | 793.786.371 | 730.506.258 |
| | 793.786.371 | 730.506.258 |

Um er að ræða lán til Vísindagarða Háskóla Íslands ehf.
Lánið ber óverðtryggða vexti skv. 4 gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu útgefnum af Seðlabanka Íslands.
Lánið er óverðtryggt og vextir greiddir eftir á, sem bætast við höfuðstól.
Lántaki skuldbindur sig til að greiða lánið upp með einni afborgun höfuðstóls og vaxta þegar lánveitandi krefst þess.

## Skýringar

### 13 Eignarhlutir í öðrum félögum

| | Eignarhlutur | Nafnverð | Hlutdeild í afkomu | Matsverð |
|---|---|---|---|---|
| Eignarhlutir ríkissjóðs yfir 20% (hlutdeildaraðferð): | | | | |
| RH-net hf., kt. 4902013190 | 85,6% | 46.095.600 | 13.687.479 | 37.134.754 |
| Tæknigarður ehf., kt. 620987-1749 | 100,0% | 16.000.000 | 3.165.152 | 107.483.321 |
| Vísindagarðar HÍ ehf., kt. 420104-2350 | 94,6% | 1.158.850.000 | 357.295.047 | 5.626.033.775 |
| KLAK INNOVIT ehf., kt: 440500-2690 | 21,7% | 4.220.664 | 3.366.624 | 18.082.580 |
| Sprotar-eignarhaldsfél HÍ 491222-0260 | 100,0% | 500.000 | (22.683) | 477.317 |
| | | 1.225.666.264 | 377.491.619 | 5.789.211.747 |
| Eignarhlutir ríkissjóðs undir 20% (kostnaðarverðsaðferð): | | | | |
| Internet á Íslandi hf | 1,13% | 226.637 | 0 | 226.637 |
| SagaMedica - Heilsujurtir ehf | 0,06% | 1.035 | 0 | 1.035 |
| | | 227.672 | 0 | 227.672 |
| | | 1.225.893.936 | 377.491.619 | 5.789.439.419 |

Eignarhlutir í öðrum félögum eru metnir með hlutdeildaraðferð ef eignarhlutur ríkissjóðs í heild er yfir 20% annars eru þeir metnir á kostnaðarverði. Metið virði eignarhluta í sjálfseignarstofnunum er 0 kr. ef framlög til þeirra renna ekki til ríkisins eða stofnana þess við slit, heldur til annarra málefna en annars á kostnaðarverði.

### 14 Viðskiptakröfur

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 916.315.648 | 535.425.845 |
| - Niðurfærsla vegna tapsáhættu | (14.674.308) | (8.660.138) |
| | 901.641.340 | 526.765.707 |
| Viðskiptakröfur í íslenskum krónum | 695.438.259 | 434.736.780 |
| Viðskiptakröfur í erlendri mynt | 206.203.081 | 92.028.927 |
| | 901.641.340 | 526.765.707 |

### 15 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| *Kröfur á tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 344.917.226 | 4.054.170.841 |
| Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs | 593.111.123 | 2.417.690.942 |
| | 938.028.349 | 6.471.861.783 |
| *Skuldir við tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs | 710.439.151 | 3.114.152.784 |
| | 710.439.151 | 3.114.152.784 |

### 16 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 56.538.500 | 337.099.097 |
| Skattar ( virðiskaukaskattur) | 85.517.707 | 21.099.564 |
| | 142.056.207 | 358.198.661 |

### 17 Handbært fé

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Sjóðir | 106.657 | 102.702 |
| Tékkareikningar | 5.490.376.173 | 2.032.641.668 |
| Sparisjóðsreikningar | 57.957.080 | 1.811.211.576 |
| Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum | 4.558.822.782 | 3.605.402.298 |
| | 10.107.262.692 | 7.449.358.244 |

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 2.147 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

### 18 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| **Hrein eign** | | |
| Jöfnuður 1.1. | 7.791.712.945 | 7.508.341.051 |
| Raunvísindastofnun 1.1.2023 | 586.052.705 | 0 |
| Afkoma ársins | (645.006.927) | 283.371.894 |
| Jöfnuður 31.12. | 7.732.758.723 | 7.791.712.945 |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 19 Viðskiptaskuldir

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 436.102.761 | 688.053.255 |
| | 436.102.761 | 688.053.255 |
| | | |
| Viðskiptaskuldir í íslenskum krónum | 341.493.138 | 597.400.736 |
| Viðskiptaskuldir í erlendri mynt | 94.609.623 | 90.652.519 |
| | 436.102.761 | 688.053.255 |

### 20 Ýmsar skammtímaskuldir

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Ógreitt orlof | 1.925.235.113 | 1.736.305.908 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur* | 5.401.780.600 | 4.247.421.979 |
| Önnur ógreidd gjöld | 496.009.631 | 346.020.109 |
| | 7.823.025.344 | 6.329.747.996 |

* Fyrirframgreiddar tekjur vísa til fyrirframgreiddra styrkja sem Háskóli Íslands hefur móttekið.

### 21 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga | 6.056.569.836 | 4.514.793.147 |
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga | 1.969.888.399 | 3.023.551.841 |
| | 8.026.458.235 | 7.538.344.988 |

| | Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga | Fjárfestinga-fjárveiting | Samtals frestaðar tekjur |
|---|---|---|---|
| Staða 01.01.2023 | 4.514.793.147 | 3.023.551.841 | 7.538.344.988 |
| Raunvísindastofnun HÍ 1.1.2023 | 478.096.857 | (46.152.385) | 431.944.472 |
| Fjárfestingarfjárveiting ársins | 0 | 506.000.000 | 506.000.000 |
| Framlag HHÍ til fjárfestinga og gjafir | 0 | 469.016.228 | 469.016.228 |
| Bókfært verð seldra eigna | 0 | 1.157.432 | 1.157.432 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 1.983.684.717 | (1.983.684.717) | 0 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | (920.004.885) | 0 | (920.004.885) |
| | 6.056.569.836 | 1.969.888.399 | 8.026.458.235 |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 587,4 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

## Skýringar

**22 Aðrar upplýsingar**

*Skuldbindandi samningar*
Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustu. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 312,1 milljónum og vegna þjónustu kr. 34,2 milljónum.

*Veittar ábyrgðir*
Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

*Óefnislegar eignir*
Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

*Staða tjónamáls vegna vatnsleka*
Umtalsvert vatnastjón varð á byggingum Háskóla íslands í janúar 2021 eftir rof í kaldavatnslögn. Unnið hefur verið að endurbótum og nam heildarkostnaður um kr. 382 milljónir króna í árslok 2023. Matsmenn hafa lokið skoðun en beðið er eftir niðurstöðu þeirra.

*Óafturkallanleg loforð*
Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

*Atburðir eftir reikningsskiladag*
Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.